

20.02.2020

## Ljósleiðaravæðing dreifbýlis Mosfellsbæjar

*Staðan og næstu skref*

Kristinn Hauksson, EFLA  
Þorsteinn Sigvaldason, Mosfellsbær

## Ljósleiðari í dreifbýli Mosfellsbæjar

### *Staða málsins í dag*

- Verkfræðistofan EFLA hefur verið fengin sem ráðgjafi Mosfellsbæjar við ljósleiðaravæðingu dreifbýlisins.
- Sótt var um styrk til Fjarskiptasjóðs í verkefnið „Ísland ljóstengt 2019“, í nóv 2018.
- 10.960.000 kr styrkur frá Fjarskiptasjóði fékkst til verksins.
- Bæjastjórn samþykkti þann 29.5.2019 með níu atkvæðum, að ganga til samninga við Fjarskiptasjóð um áðurnefndan styrk.
- Ákveðið að bjóða verkið út sem styrk til fjarskiptafélags, sem byggir og rekur kerfið til framtíðar.
- EFLA hefur lokið við drög að útboðslýsingu og gert er ráð fyrir að útboð fari fram á næstu vikum.

## Ljósleiðari í dreifbýli Mosfellsbæjar

### *Undirbúningur*

- EFLA hefur unnið að undirbúningi málsins síðan 2018.
- Staðarlisti hefur verið unninn og er nú í endurskoðun, vegna fyrirhugaðs útboðs.
- Auglýst eftir áformum markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarskiptainnviða.
- Sótt var um styrk til Fjarskiptasjóðs í verkefnið „Ísland ljóstengt 2019“.

## Ísland ljóstengt - Fjarskiptasjóður

### Markmið

- Stjórnvöld vilja stuðla að ljósleiðaravæðingu landsins.
- 99,9% heimila og fyrirtækja hafi aðgang að 100 Mb/s þráðbundinni tengingu.
- Kerfið verður að vera hannað fyrir opinn aðgang.
- Áhersla lögð á framtíðarvirkni og áratuga endingu kerfisins.
- Hafa veitt styrki til ljósleiðaraupbyggingar frá 2016.

## Ísland ljóstengt 2019

### Skilmálar

- Styrkhæfir staðir teljast:
  - Heimili þar sem íbúar eru skráðir með lögheimili 1. des. 2018 eða síðar.
  - Fyrirtæki með heilsársstarfsemi, kirkjur, félagsheimili, fjarskiptastaðir, veitumannvirki o.fl.
  - Staðir í dreifbýli í sveitarfélaginu, þar sem er hvorki nú í boði né staðfest áform markaðsaðila um að bjóða upp á 100Mb/s eða stærri þráðbundna NGA (Next Generation Access network) tengingu.

Heitinúmer	Hnitnúmer	Heiti	Póstnúmer	Lögheimili
1096675	10069220	Blikastaðir 1	270	1
1033550	10035299	Blikastaðir 2	270	1
1033551	10035300	Blikastaðir 3	270	1
1032047	10031015	Blikastaðir 4	270	1
1032108	10000177	Brekkukot	271	1
1140194	10116052	Dalland	271	1
1032277	10000182	Dalsbú	271	1
1135293	10099876	Dalsbú 2	271	1
1032658	10032778	Helgadalur	271	1
1102008	10076942	Hraðastaðavegur 3	271	1
1032721	10032839	Hraðastaðir 5	271	1
1032730	10032846	Hvirfill	271	1
1141411	10000188	Laugabakki 2	271	1
1033274	10034445	Miðdalur	271	1
1033286	10034455	Móatún	271	1
1103586	10000230	Reykjadalur Hlaðan	271	1
1033430	10091371	Selholt	271	1
1105960	10068652	Seljabrekka	271	1
1033432	10034577	Selvangur	271	1
1033525	10091867	Sunnuhlíð 2	271	1
1087380	10064811	Vindhóll	271	1
1033545	10035298	Ögn	271	1


## Ísland ljóstengt 2019

### Forsendur umsóknar

- Sótt um styrk fyrir 22 staðföngum
- 86+ staðföng hafa aðgang að VDSL (Ljósneti Símans) í dreifbýli Mosfellsbæjar og teljast því ekki til styrkhæfra staða.

# Ljósleiðari í dreifbýli Mosfellsbæjar

Mosfellsdalur



## Ísland ljóstengt 2019

### Umsókn og úthlutun

- Gert er ráð fyrir 250.000 kr (m/vsk) inntaksgjaldi.
- Um það bil 86 staðföng hafa aðgang að VDSL (Ljósneti Símans) og teljast því ekki til styrkhæfra staða.
- Sótt um 17.000.000 kr frá Fjarskiptasjóði.
- Sjóðurinn úthlutaði 10.960.000 kr. til verksins.
- Hluti Mosfellsbæjar eykst því úr kr. 3.264.514 í kr. 9.367.214.

	Stofnkostnaður	pr staðfang
Jarðvinna	14.200.000	
Efni	4.000.000	
Blástur og tengingar	2.500.000	
Hönnun, umsjón og eftirlit	4.000.000	
<b>Samtals</b>	<b>24.700.000</b>	<b>1.122.727</b>
Inntaksgjöld	4.435.486	201.613
Sveitarfélag	3.264.514	148.387
<b>Fjarskiptasjóður</b>	<b>17.000.000</b>	<b>772.727</b>



## Útboð 2020

### *Forsendur og tímarammi*

- Lagt er til að farið verði svokölluð „Byggja, eiga og reka“ útboðsleið.
- Fjarskiptafélögum boðið að sækja um styrk til uppbyggingar kerfisins.
- Hvatt til að óstyrkhæfir staðir verði tengdir líka á markaðslegum forsendum, með stigagjöf.
- 70% verð, 30% fjöldi óstyrkhæfra staða
- Boðið út á næstu vikum, með framkvæmdartímann út 2020.

